

## **Nd. 357. Tillaga til þingsályktunar**

vegna athugasemda yfirskoðunarmanna ríkisreikningsins 1937.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. Að gæta fyllstu sparsemi í eyðslu til ferðalaga starfsmanna ríkis og ríkisstofnana og að láta því aðeins greiða ferðakostnaðarreikninga, að starfsmaður hafi ferðazt að tilhlutun ríkisstjórnarinnar.
2. Að gæta fyllstu varfærni í útlánnum ríkisstofnana, og gæta þess alveg sérstaklega, að áfengisverzlun ríkisins veiti ekki öðrum en útsölunum langa gjaldfresti.
3. Að gera ráðstafanir til þess, að ríkishúin á Kleppi og Vífilsstöðum verði rekin hallalaust.
4. Að haga svo samningu lagafrumvarpa og reglugerða, sem ríkisstjórnin lætur semja, að fastir starfsmenn í stjórnarráðinu vinni þau verk að sem allra mestu leyti.

### **Greinargerð.**

Minni hluti fjárhagsnefndar (SK og StSt) lítur svo á, að athugasemdir yfirskoðunarmanna séu yfirleitt á rökum byggðar. Nokkrar af aðfinnslunum eigi einungis við reikningsárið. Getu aðgerðir Alþingis þá ekki komið þar að liði. Ráðstafanir hafa og verið gerðar til umbóta á nokkrum þeim atriðum, sem að er fundið. Loks má gera ráð fyrir, að ýmislegt leiðréttist af sjálfu sér vegna breytinga þeirra, sem orðið hafa á ríkisstjórninni.

Svo er háttað um kostnað við rekstur ríkisútvarpsins, að ríkisstjórnin hefir gert ráðstafanir til verulegrar lækkunar á rekstrarkostnaðinum. Sama má segja um fangahælið á Litla-Hrauni. En flm. þessarar tillögu vilja þó benda á það, að hælið mun ekki vel í sveit sett, og væri ástæða til að rannsaka, hvort það ætti ekki að setjast niður á öðrum stað. Athugasemd yfirskoðunarm. við auglýsingakostnað ríkis-

stofnana er fyllilega réttmæt, miðað við árið 1937. En það mál mun hafa breytt til umbóta.

En þrátt fyrir það, að leiðrétting er þegar fengin á sumu af því, sem að er fundið, og að líkur eru til, að breytingar til umbóta á fleiri atriðum séu í vændum án þess að Alþingi geri þar um sérstakar ályktanir, sér minni hlutinn sér þó ekki annað fært en að leggja til, að gerð sé ályktun um þau atriði, sem í tillögunni greinir.

Á síðustu árum hefir fjölgað mjög ört þeim stofnunum, sem reknar eru á kostnað og ábyrgð ríkisins. Utanferðir forráðamanna þessara stofnana eru mjög tíðar. Líklegt er, að sami maður gæti oft rekið erindi fleiri en einnar stofnunar, og þykir ástæða til að skora á ríkisstjórnina að sjá um, að þessar kostnaðarsömu ferðir séu ekki gerðar, nema brýn nauðsyn krefji. Í því felst þó eigi sú skoðun, að utanferðir í þágu ríkisstofnana geti fallið niður með öllu. Ferðalög innanlands í þágu ríkisstofnana hljóta að sjálfsögðu að verða mikil, sérstaklega vegna vegagerðar og síma-mála. En hafa ber þó glöggar gætur á því, að ekki eigi sér stað óþörf innanlandsferðalög á kostnað ríkisstofnana.

Skuldaflækjur ríkisstofnana eru alvarlegt áhyggjuefni. Skuldir stofnananna við útlönd eru orðnar til vansæmdar og horfa til alvarlegra vandræða. Þetta mun talið óviðráðanlegt og stafa af yfirfærsluvandræðum. En lánsverzlunin innanlands er annað vandræðamálið. Er ríkisstjórninni í sjálfvald sett að varast þau víti. Vill minni hluti fjárhagsnefndar alveg sérstaklega vekja athygli ríkisstjórnarinnar á því, hve óviðeigandi er, að ríkið reki lánsverzlun í stórum stíl með áfengi.

Yfirskoðunarmennirnir hafa réttilega fundið að hallarekstri ríkisbúanna á Vífilstöðum og Kleppi. Eru færð rök að því, að stjórnarnefnd ríkisspítalanna eigi aðalsökina á þessu. Eðlilegt er, að Alþingi láti í ljós vilja sinn um rekstur búanna. Er líklegt, að rétt sé sú skoðun yfirskoðunarmanna, að búin ættu að seljast á leigu. En að sjálfsögðu er það rannsóknarefni fyrir ríkisstjórnina, hvaða fyrirkomulag verður hagkvæmast.

Fundið er að því, hve miklu fé er varið til aðstoðar við samningu lagafrumvarpa og reglugerða, sem ríkisstjórnin lætur semja. Vitað er, að stjórnarráðið er vel mönnum skipað til þess háttar starfa. Er það því eðlileg krafa, að þessi verk séu að sem allra mestu leyti unnin í stjórnarráðinu.

Minni hl. fjhn. telur, að meðferð ríkisstjórnarinnar á atvinnubótafénu sé ekki í fullu samræmi við fyrirmæli Alþingis. En sökum þess að fjárlög fyrir næsta ár eru ekki afgreidd, og af þeim sökum ekki séð, hvernig fjárveitingu í þessu skyni verður hagað, er ekki lagt til, að Alþingi geri sérstaka ályktun um það efni.

Þær stórkostlegu fjárhæðir, sem yfirskoðunarmenn leggja til, að leitað sé auka-fjárveitingar fyrir, sýna, að umframgreiðslum hefir lítt verið í hóf stillt. Þykir þó mega láta niður falla að gera ályktun um þetta almennt, þar til séð verður, hvort þetta breytist ekki af sjálfu sér.